

Ískrá merkir bólusetningastöðu, FULLNÆGJANDI' eða ,ÓFULLNÆGJANDI' hjá nemendum sem eru með óskráða (tóma) bólusetningastöðu.

FULLNÆGJANDI

- Ískrá merkir nemanda ,**FULLNÆGJANDI'** ef hann hefur fengið allar bólusetningar miðað við aldur [skv. fyrirmælum sóttvarnalæknis](#).

ÓFULLNÆGJANDI

- Ískrá merkir nemanda ,**ÓFULLNÆGJANDI'** ef einhverja bólusetningu vantar. Hins vegar getur nemandi verið fullnægjandi bólusettur en Ískrá merkt hann ófullnægjandi. Það á við í eftirfarandi tilfellum:

1) Nemendur með þrjár eða færri dTap+IPV

Ískrá leitar eftir **fjórum dTaP+IPV** (Barnaveiki, stífkrampi, kikhósti + mænusótt). Hins vegar nægja þrjár **EF** nemandinn fékk eina þeirra þegar hann var 4 ára eða eldri.

Dæmi:

- Nemandi sem fékk 2 dTaP+IPV ≤ 12 mánaða og svo 1 **Boostrix Polio** 4-5 ára telst ,Fullnægjandi'.
- Nemandi sem fékk 2 dTaP+IPV ≤ 12 mánaða og svo **Boostrix** 4-5 ára telst ,Ófullnægjandi' þar sem hann vantar Polio skammt. Sá nemandi þarf því annað hvort að fá Imovax eða Repevax til að teljast fullnægjandi!
- Nemandi sem fékk 3 dTaP+IPV ≤ 12 mánaða og hefur ekki fengið síðan telst ,Ófullnægjandi'.

2) Nemendur með eina MMR

Hjá nemendum í 8-10. bekk leitar Ískrá að tveimur MMR, hins vegar nægir ein MMR **EF** nemandinn var orðinn 12 ára þegar hann fékk MMR bólusetninguna **OG** hefur fengið hettusótt, annars er mælt með tveimur.

Skólahjúkrunarfræðingar þurfa að breyta ,ÓFULLNÆGJANDI' í ,FULLNÆGJANDI' þegar nemandi hefur fengið viðeigandi bólusetningar. Einnig þurfa skólahj.fr. að merkja ,HAFNAÐ' eða ,HAFNAÐ AÐ HLUTA' hjá þeim nemendum þar sem forráðamenn hafa óskað eftir því. Í þeim tilfellum þarf einnig að [skrá höfnun](#) á viðkomandi bólusetningu og [skrá samskipti](#).